

Föstudaginn 6. október 1989.

Nr. 130/1987. **Guðmundur Jóhannes Guðjónsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Björgu M. Jónasdóttur Aðalsteinsson

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

til réttargæslu

(Ingólfur Hjartarson hdl.).

Bifreiðar. Vátrygging. Skaðabætur. Stefnubirting. Málflutnings-
umboð. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. apríl 1987. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu, en til vara, að dregið verði verulega úr kröfum hennar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Réttargæslustefndi gerir ekki kröfur í málinu, og engum kröfum er beint að honum.

I.

Fram er komið, að 12. janúar sl. hafi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fallist á samruna Hagtryggingar hf. og Sjóvátryggingarfélag Íslands hf. og samtímis fellt niður starfsleyfi Hagtryggingar hf., svo og að Sjóvátryggingarfélag Íslands hafi sam-einast Almennum tryggingum hf. í nýju félagi, Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Er starfsleyfi hins nýja félags dagsett 15. febrúar 1989.

Með vísan til þessa verða Sjóvá-Almennar tryggingar hf. réttargæsluaðili að málinu fyrir Hæstarétti í stað Hagtryggingar hf.

II.

Stefnufjárhæð í málinu er 3.000.000,00 króna, en fjárhæð ábyrgðartryggingar R 26097 var á slysdegi, 7. mars 1975, 6.000.000,00 gamlar krónur, þ.e. nú 60.000,00 krónur.

Við málshöfðun lágu engin gögn fyrir um meiðsli stefndu, þótt þá væru liðin tæp níu ár frá slysinu. En í lögregluskýrslu, sem var eina skjalið auk stefnu, sem lagt var fram við þingfestingu málsins, er skýrsla föður hennar, þar sem gerð er nokkur grein fyrir meiðslunum. Af þeim upplýsingum, sem þar koma fram, má ráða, að um mikil meiðsli hafi verið að ræða og lífshættuleg. Í héraðsstefnu er og stuttlega vikið að meiðslum stefndu. Þar segir, að hún hafi stórslasast og sé varanlegur öryrki af völdum slyssins.

Við upphaf málsins var ærin ástæða til að ætla, að svo kynni að fara, að dæmdar bætur færu verulega fram úr váttryggingarfjárhæð, svo að hagsmunir Hagtryggingar hf. og váttryggingartaka færu að því leyti ekki saman og greiðslubyrði, svo að verulegu næmi, myndi mæða á honum einum.

Samkvæmt ákvæði í 6. gr. í skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu bifreiða, sem giltu í skiptum áfrýjanda og Hagtryggingar hf. við upphaf þessa máls og rakið er orðrétt í héraðsdómi, var félaginu áskilinn réttur til að halda uppi vörnum í dómsmáli í nafni váttryggingartaka og honum skylt að gefa lögmanni á vegum félagsins löglegt umboð til þess. Á það reyndi aldrei gagnvart áfrýjanda. Nauðsyn þess, að umboð frá honum lægi fyrir þegar við upphaf málsins, var þó sérstaklega brýn, eins og hér stóð á samkvæmt framanskráðu um fyrirsjáanlegar líkur á misvægi hagsmuna félagsins og váttryggingartaka í málinu.

Að svo vöxnu máli brast lögmann Hagtryggingar hf. heimild til að árita stefnu vegna áfrýjanda, er kæmi í stað lögmæltrar birtingar, svo og til að halda uppi vörnum fyrir hann í málinu. Það var því óhjákvæmilegt, að stefnubirting færi fram með lögmæltum hætti gagnvart áfrýjanda. Þar sem hún fórst fyrir, var hann ekki að lögum bundinn aðild að málinu við svo búíð.

III.

Gegn eindregnum mótmælum áfrýjanda er ósannað, að hann hafi haft spurnir af málinu, fyrr en honum barst bréf frá lögmanni Hagtryggingar hf., dagsett 5. maí 1986. Bréf þetta er svohljóðandi:

„EFNI: VARÐAR UMFERÐARSLYS ... 7.3. '75. Fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hefur verið höfðað dómsmál á hendur yður og Hagtryggingu hf. vegna ofangreinds slyss.

Ég mun taka til varna í málinu f.h. Hagtryggingar hf. og fyrir hönd yðar, ef þér æskið þess.“

Nokkru áður en bréf þetta var sent, hafði lögmaður stefndu lagt fram á bæjarþingi greinargerð í málinu ásamt gögnum, er hann reisti á kröfugerð sína. Í því þinghaldi, sem fram fór 22. apríl 1986, var lögmanni Hagtryggingar hf. veittur greinargerðarfrestur til 10. júní s.á.

Þinghald þann dag sótti lögmaður, er áfrýjandi hafði ráðið sér að málinu, og lagði fram greinargerð af hans hálfu. Frá þeim tíma varð áfrýjandi að lögum aðili að málinu. Frá og með sama þinghaldi varð Hagtrygging hf. samkvæmt bókun í þingbók einungis aðili til réttargæslu í málinu, enda hafði félagið þá undirgengist að greiða alla váttryggingarfjárhæðina með vöxtum og kostnaði.

IV.

Þegar fullgild aðild áfrýjanda að málinu hófst samkvæmt framanskráðu, voru liðin ellefu ár og rúmlega þrjár mánuðir frá slysinu og rétt tæplega ellefu ár, frá því að Hagtrygging hf. hafði innt af hendi síðari greiðslu af tveimur upp í tjón stefndu 2. júní 1975. Allar kröfur á hendur áfrýjanda í málinu voru þá fyrndar samkvæmt 78. gr. þágildandi umferðarlaga, nr. 40/1968. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Guðmundur Jóhannes Guðjónsson, skal vera sýkn af kröfum stefndu, Bjargar M. Jónasdóttur Aðalsteins-son, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. febrúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. janúar 1987, hefur Björg Magnea Jónasdóttir Aðalsteinsson, fædd 27. janúar 1966, 451 South Lima Circle, Denver, Colorado, Bandaríkjunum, höfðað með stefnu, fram lagðri í dóm

29. febrúar 1984, á hendur Guðmundi Jóhannesi Guðjónssyni, nnr. 3065-0654, Langholti 122, Reykjavík, og Hagtryggingu hf., Reykjavík.

Í þinghaldi 30. júní 1986 féll stefnandi frá öllum kröfum á hendur Hagtryggingu hf. í málinu, en samkomulag varð um, að fyrirtækið tæki stöðu réttargæslustefnda.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi greiði sér 795.510,00 kr. ásamt 19% ársvöxtum frá 7. mars 1978 til 31/5 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31/8 s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30/11 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 30/5 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 30/5 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1/11 1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21/9 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21/10 s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21/11 s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21/12 s.á., með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags máls þessa, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Til vara gerir hún kröfu til, að stefndi greiði sér 714.110,00 kr. með sömu vöxtum og kostnaði sem í aðalkröfu. Til þrautavara gerir hún kröfu til annarrar og lægri fjárhæðar að mati dómsins og vexti og málskostnað sem í aðalkröfu.

Stefndi gerir kröfu til sýknu og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega takmarkaðar og stefnda dæmdur málskostnaður að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Kl. 12.41 föstudaginn 7. mars 1975 var tilkynnt um slys á Kleppsvegi á móts við húsið nr. 122 til lögreglunnar í Reykjavík. Lögreglumenn fóru á staðinn og gáfu skýrslu um atburðinn og gerðu uppdrátt af aðstæðum á slysstað. Þarna hafði barn, er fór austur (sic) yfir götuna, orðið fyrir bifreiðinni R 26097, sem ekið var suður (sic) Kleppsveg. Er lögreglumennirnir komu á slysstað lá barnið í götunni um það bil fimm metra fyrir framan bifreiðina og virtist mikið slasað. Það var flutt á slysadeild Borgarspítalans. Barnið, sem fyrir þessu slysi varð, var stefnandi.

Ökumaður bifreiðarinnar R 26097 var stefndi. Hann kvaðst hafa ekið suður (sic) Kleppsveg. Hefði hann veitt barninu athygli, þar sem það hefði staðið við vesturbrún (sic) vegarins. Þegar barnið hefði hlaupið út á götuna, hefði hann hellað og beygt til vinstri, en ekki getað komið í veg fyrir slysið. Barnið hefði orðið fyrir bifreiðinni framanverðri og fallið áfram í götuna.

Lukt bifreiðarinnar hægra megin var brotin, dæld var á vélarhúslöki, stökur á framhöggyvara, vélarhúslöki og framaurbretti. Vitni að slysinu var Ólafur Þorsteinsson, Kleppsvegi 118, Reykjavík.

Stefndi hélt því fram, að hann hefði verið á um 45 km hraða miðað

við klst. Bifreiðin var reynd miðað við þann hraða, og mældust þá hemlafor að afturhjólum 8.15 metrar. Hemlafor samkvæmt uppdrætti mældust 21 metri. Vitnið, Ólafur Þorsteinsson, sagði, að bifreið stefnda hefði fyrst vakið athygli sína, þar sem henni var ekið nokkuð greitt, að því er hann taldi, um 70 km/klst., þegar henni var ekið fram hjá honum. Rétt á eftir hefði hann heyrt hemlaískur og litið á eftir bifreiðinni og þá séð barnið úti á götunni og hvar bifreiðin lenti á því. Hann hefði því hlaupið strax til að hringja á sjúkrahil og farið síðan á staðinn.

Afleiðingar slyssins urðu þær, að stefnandi hlaut varanleg örkuhl. Stefán Haraldsson lækniir skoðaði stefnanda 1984. Í vottorði hans frá 26. mars 1984 er rakin sjúkrasaga stefnanda á eftirfarandi hátt:

„Hinn 7. mars 1975 varð stúlkán fyrir fólksbil. Stúlkán dróst eitthvað með bilnum, en kastaðist síðan fimm metra vegalengd frá honum. Óvist er, hvort hún missti meðvitund við slysið, en eftir fyrirbyggjandi upplýsingum var hún með meðvitund, þegar komið var að henni skömmu síðar. Talið var, að hún hefði fengið mikið höfuðhögg, því að hún fékk stóra kúlu á enni og skrámaðist eitthvað í andliti. Sjúkl. var fluttur á slyssadeild Borgarspítalans í Reykjavík, og sáu menn þá við rannsóknir, að hún hafði brot á hægri lærlegg, brot á II. metacarpal-beini á hægri hendi. Þá hafði hún sprungu í lifur. Hún var skorin upp við lifrarsprungunni á Borgarspítalanum, var síðan lögð í „strekk“ á hægri ganglim og umbúðir á hægri hendi. Sjúkl. lá í 6-7 vikur í „strekk“ á Borgarspítalanum eftir upplýsingum, en þegar tekið var röntgen-„kontrol“ eftir þennan tíma, kom í ljós, að brotið lá ekki rétt á lærleggnum. Var hún því lögð inn á Landspítalann, barnadeild, og lá þar frá 27.4.1975 til 16.5.1975. Hinn 28.4.1975 var hún skorin upp við lærleggsbrotinu og það sett saman og fest. Þegar hún var útskrifuð frá Landspítalanum, var hún útskrifuð til síns heima. Hún var síðan tekin aftur inn á Landspítalann 26.6.1975 og dvaldist þar til 17.7.1975. Var gips tekið af sjúklingi. Þá má geta þess, að rétt áður en hún var lögð inn í seinna skiptið, fékk hún botnlangabólgu og var því lögð inn á Borgarspítalann, og var botnlanginn tekinn þar 20.6.1975.

Sjúkl. fluttist síðan til Bandaríkjana seinna á árinu 1975.

Fyrir tveimur árum var plata og skrufur þær, sem notaðar voru til þess að festa brotið, teknar burtu úr hægri lærlegg í Denver, Colorado í Bandaríkjunum.“

Hinn 21. janúar 1985 mat Jónas Hallgrímsson lækniir örorku stefnanda vegna slyssins.

Í niðurstöðu hans segir:

„Björg Magnea hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Varanleg örorka hennar stafar af lengingu á hægri ganglim, sem hún slasaðist á, vöðvarýrnnun á hægri læri og minnkuðum styrk, hryggskekku,

sem hún hefur fengið vegna mislangra ganglima, og krónískum bakverk þar af leiðandi og að lokum af verkjum og minnkuðum styrk í hægra læri. Enda þótt hún hafi verk í lifrarstað og truflaða matarlyst og ógleði, er ekki beint hægt að segja, að það skerði vinnugetu hennar. Sama er að segja um höfuðverki, sem hún fær annað slagið, og myndu þessi óþægindi fremur reiknast til miska. Varanleg örorka hennar er metin og sundurliðuð á þennan hátt:

lenging á hægra ganglim 5%,
krónískur bakverkur 10%,
verkur og minnkaður styrkur í hægra læri 5%.

Örorka Bjargar Magneu vegna slyssins er því, sem hér segir:
frá slysinu í 5 mánuði 100%,
loks varanleg örorka 20%.“

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Þórir Bergsson, cand. act., reiknað út verðmæti vinnutekjutaps á slysdagi miðað við 6% afvöxtun framtíðar-tjóns. Þar segir:

„Í aðferð I eru notaðir samsettir vextir og í aðferð II einfaldir vextir yfir tímabilið milli slysdags og 16. mars 1986.

	Aðferð I	Aðferð II
v/varanl. örorku til 16.3.1986	kr. 19.337,00	kr. 42.416,00
v/varanl. örorku eftir það	kr. 110.927,00	kr. 313.094,00
Samtals	kr. 130.264,00	kr. 355.510,00

Athugasemd I.

Almennt skiptir ekki máli um bætur vegna framtíðartjóns, hvort notaðir eru samsettir eða einfaldir vextir. Frá þessu eru undantekningar, ef ábyrgðartrygging með hámarki á að bæta tjón. Hún greiðir slysdagsbætur, sem falla innan hámarksins, auk vaxta. Slysdagsupphæðin sjálf getur þannig haft áhrif á, hve mikill hluti uppgjörsfjárhæðar fellur á trygginga-félagið og hve mikið á hinn tryggða (bótaskylda).

Sérkennileg tilvilk geta risið, ef beita á reglunni um fjögurra ára fyrningu vaxta. Þegar notaðir eru almennir svökallaðir vextir af spariinnlánnum, sem í er fólgin verðbótapáttur, vaknar sú spurning, hvort löggjafinn hafi átt við þann þátt líka, þegar reglan var lögfest. Slíkt verður að teljast harla ólíklegt. Hlutverk verðbótapáttarins er ekki ávöxtun, heldur er honum ætlað að leiðrétta verðyrnun gjaldmiðilsins, en því hlutverki hefur hann skilað slælega. Það er líka ljóst, að ef ekki væri verið að fjalla um skada-bætur, heldur löglega verðtryggða fjárkröfu, yrðu verðbæturnar aldrei krýndar með nafninu vextir.

Athugasemd II.

Að gefnu tilefni legg ég áherslu á, að í útreikningunum er vinnutekjutap að venju áætlað með notkun hreins læknisfræðilegs mats á örorku. Slíkt mat er mjög ótraustur mælikvarði á raunverulegt vinnutekjutap, og getur verið um að ræða bæði of- og vanmat.

Frádráttur.

Ekki hefur verið athugað, hver sé eðlileg rýrnun verðmætis vinnutekjutaps vegna skattfrelsis bóta.

Reikningsgrundvöllur.

Um vexti er rætt hér að framan. Við útreikningana hef ég notað dánarlíkur íslenskra kvenna samkvæmt reynslu árána 1976-1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Um það er ekki deilt, að stefndi, Guðmundur Jóhannes Guðjónsson, ber sem eigandi og ökumaður R 26097 alla ábyrgð á slysinu samkvæmt 69. gr. umferðarlaga, sbr. 67. gr. sömu laga.

Á þeim tíma, er slys þetta varð, nam tryggingarfjárhæð skv. 70. gr. laga nr. 40/1968 6.000.000,00 gamalkróna eða 60.000,00 nýkrónum. Árið 1986 gerði Hagtrygging hf. stefnanda tilboð á eftirfarandi hátt:

Höfuðstóll		kr. 60.000,00
Vextir (205.23% x 60.000,00)		kr. 123.138,00
Kostnaður:		
Örorkumat	kr. 3.410,00	
Örorkutjónsútr.	kr. 8.870,00	kr. 12.280,00
Póknun til lögmanns stefnanda		kr. 21.768,00
	<u>Samtals</u>	<u>kr. 217.186,00</u>

Af þessari fjárhæð hafði félagið áður greitt 6. maí 1975 50.000,00 gkr. og 2. júní 1975 100.000,00 gkr. eða samtals 1.500,00 nýkr. Þá fjárhæð dró nú félagið frá höfuðstól og gerði upp við stefnanda. Sjá hér kvittanir á dskj. 14 og 15. Hækkun fjárhæðar frá tilboði felst í hækkun vaxta og kostnaðar. Lögmaður stefnanda undirritaði þessar kvittanir um það, að hann gerði ekki frekari kröfur á hendur félaginu vegna tjóns stefnanda. Hann féll síðan frá frekari málsókn á hendur félaginu nema til réttargæslu. Félagið greiddi þannig 58.500,00 kr. með fjögurra ára vöxtum. Aðrir vextir voru taldir fyrndir.

Við þingfestingu málsins hafði lögmaður Hagtryggingar hf. mætt óstefndur f.h. félagsins og stefnda, Guðmundar Jóhannesar, en í þinghaldi 10. júní 1986 sótti annar lögmaður þing af hálfu Guðmundar Jóhannesar

og lagði fram greinargerð. Kemur þar fram, að brigður eru á það bornar, að lögmaður félagsins hafi haft heimild til að sækja þing af hálfu Guðmundar Jóhannesar, og því haldið fram, að hann hefði ekkert um málsóknina vitað fyrr en með bréfi lögmanns félagsins 5. maí 1986. Af þessu tilefni lagði lögmaður félagsins fram eftirfarandi bókun í þinghaldi 5. september sl.:

„Í skilmálum félagsins varðandi ábyrgðartryggingar ökutækja, 10. gr., segir, að félagið eigi rétt á að annast málsvörn og uppgjör, ef til bótakröfu kemur á því sviði, sem váttryggingin nær til. Stefndi í máli þessu, Guðmundur J. Guðjónsson, var látinn vita óformlega af máli þessu á sínum tíma. Það var síðan ítrekað með bréfi, dagsettu 5.5.'86. Stefndi Guðmundur óskaði þá eftir því, að lögmaður sinn héldi uppi vörnum í málinu, og hafði félagið ekkert við það að athuga.“

Lögmaður félagsins hætti því næst að sækja þing, enda taldi félagið, að það hefði gert upp við stefnanda. Með bréfi, dags. 21. nóvember sl., skoraði lögmaður stefnda, Guðmundar Jóhannesar, á lögmann félagsins f.h. þess, að það tæki aðilastöðu í málinu að nýju, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936. Af því hefur þó ekki orðið.

Stefnandi hafði upphaflega sundurliðað tjón sitt svo:

1. Bætur vegna örorku	kr. 355.510,00
2. Miskabætur	kr. 500.000,00
3. Útlagður kostnaður	kr. 50.000,00

Samtals kr. 905.510,00

Í þinghaldi 24. nóvember sl. lækkaði hann síðan höfuðstól kröfu sinnar í 795.510,00 kr., þ.e. hann dró 60.000,00 kr. frá 1. lið sundurliðunarinnar og felldi niður 3. lið. Í þinghaldi 16. janúar sl. gerði hann síðan varakröfu um, að höfuðstóll yrði 714.110,00 kr., þ.e., að 1. liður kröfu hans yrði ákveðinn 214.110,00 kr. Varakrafan byggist á útreikningi Þóris Bergssonar, cand. act., á dskj. 21, en þar hefur hann að ósk lögmanns stefnanda framreiknað þá fjárhæð, sem stefnandi fékk greidda upp í tjón sitt á árinu 1975, til nóvember 1986 miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. Þannig reiknuð verður greiðslan 82.900,00 kr.

Þá gerði hann loks kröfu til þrautavara um aðra og lægri fjárhæð.

Af hálfu stefnda, Guðmundar Jóhannesar, er krafist sýknu á þeim grundvelli, að krafan á hendur sér sé fyrnd samkvæmt 78. gr. umferðarlaga. Stefnda, Guðmundi Jóhannesi, hafi ekki verið stefnt í málinu, svo sem lög mæli fyrir um, og honum hafi fyrst verið kunnugt um málsóknina með bréfi Hagtryggingar hf., dags. 5. maí 1986, en þá hafi tíu ára fyrningarfrestur verið liðinn. Auk þessa telur hann, að stefnandi hafi þegar

fengið uppgert hjá Hagtryggingu hf. og gefið fullnaðarkvittun fyrir, og sé því ekki mögulegt að gera frekari kröfur á hendur félaginu.

Loks heldur hann því fram, að verði ekki á þessar málsástæður fallist, hafi stefnandi sýnt svo mikið tómlæti um kröfur sínar, að þær séu niður fallnar.

Varakröfu sína segir hann setta fram til öryggis. Hann mótmælir í því sambandi sérstaklega miskabótakröfu stefnanda sem allt of hárrí.

Þá mótmælir hann vaxtakröfu stefnanda.

Af hálfu stefnanda er málsástæðum stefnda mótmælt. Vitnað er til þeirrar bókunar lögmanns Hagtryggingar hf. í þinghaldi 5. september sl., að félagið hafi átt rétt á að annast málsvörn stefnda og að stefndi hafi vitað af málinu.

Þá var því sérstaklega mótmælt við munnlegan flutning málsins, að um tómlæti væri að ræða. Því var haldið fram, að hafist hefði verið handa um uppgjör tjónsins, strax og séð varð fyrir um afleiðingar slyssins. Afleiðingarnar hafi ekki mátt sjá, fyrr en stúlkan hafði að fullu tekið út vöxt. Tryggingafélagið hafi allan tímann vitað af kröfunni og hafi þegar á árinu 1975 greitt upp í tjónið. Þá var því mótmælt, að með uppgjöri við Hagtryggingu hf. hefði verið fallið frá nokkrum kröfum á hendur stefnda, Guðmundi Jóhannesi.

Varðandi miskabótakröfu var vitnað til örorkumats og framburðar stúlkunnar hér fyrir dómi.

Af hálfu stefnda var við munnlegan flutning ítrekað, að félagið hefði ekki haft heimild til að halda uppi vörnum fyrir hann. Var í þessu sambandi vitnað til 74. gr. umferðarlaga og laga nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga. Þótt félagið hafi haft heimild til að gera upp fyrir stefnda, sé ekki þar með sagt, að það sé bært til að halda uppi vörnum fyrir hann.

Fyrir dóm hafa komið stefnandi, Björg Magna Jónasdóttir Aðalsteinsson, stefndi, Guðmundur Jóhannes Guðjónsson, og Ingólfur Hjartarson hrl., lögmaður Hagtryggingar hf.

Álit dómsins.

Samkvæmt örorkumati stafar varanleg örorka stefnanda af lengingu á hægra ganglim, vöðvarýrnun á hægra læri og minnkuðum styrk og hryggskekkju. Eðli málsins samkvæmt varð þessi örorka ekki metin, fyrr en stefnandi varð fullvaxin. Þá gekkst stefnandi undir aðgerð í Bandaríkjunum árið 1982, þar sem fjarlægðar voru plata og skrufur þær, sem notaðar höfðu verið til að halda brotinu á hægra lærlegg saman. Af þessu má ljóst vera, að í fyrsta lagi á árinu 1982 gat stefnandi gert sér endanlega grein fyrir tjóni sínu. Samkvæmt 78. gr. umferðarlaga var því krafa hennar ekki fyrnd á árinu 1984, þá er bæjarþingsmál þetta var höfðað, og ekki verður hún talin hafa sýnt af sér verulegt tómlæti.

Tryggingafélag stefnda greiddi stefnanda upp í væntanlegar tjónsbætur 6. maí 1975 og 2. júní 1975. Við aðila- og vitnayfirheyrslu kom fram, að stefndi, Guðmundur Jóhannes, hefur greitt tryggingafélaginu það tjón, sem samkvæmt þágildandi ákvæði 1. mgr. 73. gr. umferðarlaga var í sjálfs-áhættu hans. Með hliðsjón af 6. gr. laga nr. 14/1905 byrjaði nýr 10 ára fyrningarfrestur, sbr. niðurlagsákvæði 78. gr. umferðarlaga, að líða frá síðari inngreiðslunni. Sá frestur var liðinn, þá er stefndi lét núverandi lögmann sinn sækja þing fyrir sig. Það ræðst þannig af því, hvort tryggingafélagið hafði umboð til þess að láta mæta fyrir hönd stefnda, hvort krafa stefnanda á hendur honum er fyrnd.

Í þeim váttryggingarskilmálum, sem í gildi voru 1975, var svohljóðandi ákvæði:

„Þegar þriðji maður gerir skaðabótakröfu á hendur váttryggingartaka, reynir félagið að koma á sættum við þann, er fyrir tjóninu varð. Takist það ekki, tekur félagið að sér málsóknina í nafni váttryggingartaka og fær til þess málafærslumann, ef með þarf, og er váttryggingartaka skylt að gefa honum löglegt umboð.“

Ákvæði þetta þykir ekki verða öðruvísi skilið en tryggingafélaginu hafi verið rétt og skylt að taka að sér málsvörnina fyrir hönd stefnda, þar á meðal að mæta óstefnt við þingfestingu málsins. Við þingfestingu málsins þykir því fyrningu hafa verið slitið einnig gagnvart stefnda, Guðmundi Jóhannesi.

Þá verður ekki talið, að stefnandi hafi með viðtöku hámarksfjárhæðar váttryggingarinnar firrt sig rétti til að sækja stefnda, Guðmund Jóhannes, um það, sem hún telur enn ógreitt.

Við ákvörðun fjárhæðar bóta úr hendi stefnda verður að meta í heild, hversu miklum bótum stefnandi á rétt á vegna slyssins og hversu mikið hún hefur þegar fengið. Fjárhæðir þessar verður að meta til sama verðlags og taka tillit til þeirra vaxta, sem dæmdir verða. Þá ber að líta til þess, að útreikningur vinnutekjutaps miðast við læknisfræðilegt örorkumat, þar sem tæpast er verið að meta hreint vinnutekjutap. Þess ber þó að gæta, að hér er í örorkumati að hluta til gerður greinarmunur á skertri vinnugetu og miska. Rétt þykir þó að áætla örorkutjón og miska í einu lagi, þar sem varanleg örorka er þó ekki meiri en 20%.

Þá ber að taka tillit til eingreiðslu og skattfrelsis bóta.

Að þessum sjónarmiðum athuguðum og þegar hliðsjón er höfð af reikningsaðferð II, þykir stefndi eiga að greiða stefnanda 210.000,00 kr. í bætur vegna slyss þessa, eftir að greiðslur tryggingafélagsins hafa að fullu verið metnar.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1904 eru vextir frá fyrri tíma en fjórum árum fyrir þingfestingu fyrndir og verða ekki teknir til greina. Að öðru leyti þykir mega miða við vaxtakröfu stefnanda.

Eftir þessari niðurstöðu er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn ásamt kostnaði 35.000,00 kr.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Jóhannes Guðjónsson, greiði stefnanda, Björgu Magneu Jónasdóttur Aðalsteinsson, 210.000,00 kr. með 31% ársvöxtum frá 29/2 1980 til 1/6 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1/6 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1/11 1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21/9 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21/10 s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21/11 s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21/12 s.á., með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags máls þessa 29/2 1984, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 35.000,00 kr. í málskostnað.
